

Stað í Aðalvík síra Páll Sivertsen taki allt að 600 kr. embættislán, gegn veði í tekjum prestakallsins, til vatnsleiðslu úr Indriðaa heim á prestssetrið Stað. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurgreiddist með jöfnum áreglum afborgunum á næstu 12 árum eptir lántöku, að verkið verði vel af hendi leyst, að gerður verði að því enduðu glöggur reikningur yfir kostnaðinn og skodunargjörð á því haldin af áreiðanlegum mönnum, að 300 kr. að eins verði greiddar af láninu við byrjun verksins, en eptirstöðvarnar, þó ekki yfir 300 kr., eptir reikningi að verkinu loknu, og þegar komin er sönnun fyrir því, að það sje vel af hendi leyst, og að afborganir og vextir greiddist af tillagi því, sem brauðið fær árlega úr landssjóði.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvoldanna yfir Íslandi um breyting á lántökuleyfi handa Bjarnarnessprestakalli. — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, dagsettu 14. þ. m., vil jeg fallest á það, að breytt sje skilyrðunum í brjefi mínu 30. júlí f. á. um 800 kr. lántökuleyfi handa Bjarnanesprestakalli, þannig, að borga megi af láninu allt að 5% um árið í vöxtu.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reglugjörð

fyrir Suðurmúlasýslu um lækningu hunda af bandormum.

40
3. febr.

1. gr.

Lækna skal alla hunda í sýslunni og skal lækningin fara fram í hverjum málfánuði og nóvember hvert ár frá 15.—30.

2. gr.

Hreppstjóra í hverjum hreppi er falið að annast um lækningu hundanna; en honum er heimilt, að skipta hreppnum í deildir og setja áreiðanlegan mann í sinn stað í hverja deild til að framkvæma lækningarnar; má enginn skorast undan þeim starfa nema forföll valdi. Einnig skal hreppstjóri tiltaka daginn og skipa fyrir, ef haganlegt þykir, að hundar af fleiri bæjum komi saman á einn bæ til lækninga og skulu hundaeigendur þá vera skyldugir að koma hundum sínum þangað. Skulu allir hlýða fyrirskipunum hreppstjóra í þeim efnum.

3. gr.

Beri svo til, að hundur komi eigi til lækninga á tilteknum tíma, eða vart verði við bandorm í hundi milli lækningatíma, skal eigandi hans, svo fljótt sem hægt er, færa hann þeim, er hann skal lækna, en annars skal álíta, að